

Við hlið fjármáladeildar starfar hagstofan sem sjerstök stofnun, og stendur hún beint undir þeim ráðherra, sem fer með fjármálin. 12
31. mars

Forseti ráðuneytisins er formaður bankaráðs Íslandsbanka.

Þetta er hjermeð gjört heyrinkunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 31. mars 1917.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

Reglugjörð

13
11. apríl

um aðflutta kornvöru og smjörlíki.

Samkvæmt heimild í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Allan rúg, rúgmjöl, hveiti, mais, maismjöl, bankabygg, hrisgrjón, völsuð hafragrjón, haframjöl og smjörlíki, sem til landsins er flutt hjer eftir, tekur landsstjórnin til umráða og setur reglur um sölu á vörunum og ráðstöfun á þeim að öðru leyti.

2. gr.

Þeim, sem fá eða von eiga á slíkum vörum frá öðrum löndum, ber í tækan tíma að senda stjórnarráðinu tilkynningu um það, svo það geti gjört þær ráðstafanir viðvíkjandi vörunum, sem við þykir eiga í hvert skifti. Í tilkynningunni skal nákvæmlega tiltaka vörutegundirnar og vörumagnið.

13

11. apríl

3. gr.

Lögreglustjórum ber að brýna fyrir skipstjórum og afgreiðslumönnum skipa, sem flytja hingað vörur þær, er getur í 1. gr., að eigi megi afhenda slíkar vörur móttakendum fyr en stjórnarráðið hefir gjört ráðstafanir viðvikjandi þeim í þá átt, er að framan greinir.

4. gr.

Brot á móti ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum alt að 5000 kr. og fer um mál útaf þeim sem um önnur lögreglumál.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. apríl 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

14

18. apríl lækni«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra Íslands 18. apríl 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð Kristjáns Jónssonar læknis.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Styrktarsjóður Kristjáns Jónssonar læknis«.